

**Íbúaráð Miðborgar og Hlíða 21. mars 2024: Fyrirspurn íbúaráðs Miðborgar og Hlíða um Fyrirspurn íbúaráðs Miðborgar og Hlíða um forgangsröðum endurbóta og viðbygginga skóla- og frístundahúsnæðis - MSS24030127**

Óskað er eftir stöðu á lista yfir forgangsröðun verkefna þar sem stefnt er að viðbyggingum og endurbótum á húsnæði sem hýsir skóla- og frístundastarfi og hvar Hlíðaskóli er í þeirri forgangsröðun.

Greinargerð:

Árið 2022 var skipaður stýrihópur um forgangsröðun viðbygginga fyrir skóla og frístundastarf og þörf á endurbótum metin. Þær niðurstöður voru kynntar í borgarráði í apríl 2022. Í skýrslunni var 22 skólum raðað upp í lista þar sem viðhaldspörf var metin. Margir þættir lágu þar að baki og allir metnir út frá frummati til að gæta samræmis. Síðan listinn var birtur hefur margt breyst, sum verkefni að klárast og önnur hugsanlega bæst við. Það væri því tilvalið að birta listann eins og hann stendur í dag.